

4. BEKKUR 2013
ÍSLENSKA

Settu límmiðann
innan rammans

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI II

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____

- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Dýr með heitt blóð þurfa yfirleitt að verja umtalsverðri orku til að halda á sér hita yfir kalda vetrarmánuði. Orkuna fá þau úr fæðunni sem er þó einmitt jafnan hvað minnst að vetrinum. Sum dýr komast af með því að flytja sig til hlýrri staða en önnur, til dæmis leðurblökur og broddgeltir, leggjast í dvala á öruggum og skjólgóðum stað, svo sem í greni, hreiðri eða hellisskúta. Hjá dýrum sem fara í eiginlegan vetrardvala hægir mjög á allri líkamsstarfsemi, hjartað slær aðeins öðru hverju og andardrátturinn verður mjög hægur. Líkamshitinn er bara nokkrum gráðum hærri en hiti umhverfisins og er til dæmis rétt um frostmark hjá hömstrum. Ef hitinn úti fer undir frostmark örvast efnaskipti líkamans og hindra að dýrið frjósi í hel. Dýr sem leggjast í vetrardvala éta sérlega mikið á haustin og safna fituforða til vetrarins. Sá forði fleytir þeim yfir vetrarmánuðina án þess að þau þurfi að næra sig.

Svartbjörn

Birnir, skunkar og jarðikornar sofa ekki eins föstum vetrarsvefni og leðurblökur og mýs sem leggjast í eiginlegan vetrardvala. Líkamshiti svartbjarnar lækkar nokkuð er hann leggst í híði en hjartað slær nánast jafn hratt og í vöku. Þetta gerir það að verkum að bangsi getur rumskað af værum svefni ef veður hlýnar svolítið um hríð. Þótt björninn vakni upp af dvalanum fer hann yfirleitt ekki á stjá til að leita sér fæðu, heldur lifir áfram á fituforða sínum. Sumar birnur fæða húnana í híði sínu að vetrinum.

19. Hvernig er starfsemi líkamans þegar dýr er í dvala?

- ₁ Líkamshitinn hækkar.
- ₂ Orkan verður meiri.
- ₃ Starfsemin er hægari.

20. Hvernig búa dýrin sig undir að leggjast í dvala?

- ₁ Þau éta mikið.
- ₂ Þau byggja skýli.
- ₃ Þau safnast saman.

21. Þegar svartbjörn leggst í dvala

- ₁ hægist mjög á hjartslætti.
- ₂ sefur hann mjög laust.
- ₃ verður líkamshitinn lægri.

22. Hvað kallast dvalarstaður bjarna á veturna?

- ₁ greni
- ₂ hellir
- ₃ híði

23. Ef birnir vakna of snemma af vetrardvala

- ₁ hægist á hjartslætti þeirra.
- ₂ þurfa þeir ekki á fæðu að halda.
- ₃ þykir þeim gott að éta.

Dá

Sum dýr með heitt blóð, t.d. leðurblökur og kólibrifuglar, spara orku með því að líkamshiti þeirra lækkar og hjartslátturinn róast hluta dags eða nætur. Þetta kallast dá og er ekki sama eðlis og dvali. Stór dýr falla yfirleitt ekki í dá því að þau þyrftu svo mikla orku til að ná líkamshitanum upp aftur. Leðurblökur hjúfra sig oft hver upp að annarri til að draga úr varmatapinu þar sem þær hanga á haus. Þegar vetur gengur í garð safnast leðurblökur í vissa hella eða tré og leggjast þar í eiginlegan vetrardvala.

Sumardvali

Mörg eyðimerkurdýr liggja í dvala heitasta árstímans til að þrauka steikjandi hitann. Þetta kallast sumardvali, andstætt vetrardvala. Margar eðlur, froskar, sniglar og skordýr eyðimerkurinnar leggjast í sumardvala. Áður en sniglar fara í dvalann loka þeir kuðungi sínum með því að þekja opið með himnu úr slími sem harðnar síðan í hitanum.

(úr: Alfræði unga fólksins, 1994)

24. Það kallast „dá“ þegar

- ₁ dýr sofa allan veturinn.
- ₂ hjartsláttur dýra eykst á daginn.
- ₃ líkamshiti dýra lækkar stutta stund.

25. Hvaða dýr geta bæði fallið í dá og legið í dvala?

- ₁ birnir
- ₂ broddgeltir
- ₃ leðurblökur

26. Að „þrauka“ merkir að

- ₁ berjast við.
- ₂ lifa af.
- ₃ vinna á.

27. Dýr leggjast í sumardvala til að

- ₁ forðast mikinn hita.
- ₂ róa hjartsláttinn.
- ₃ safna vetrarforða.

28. Um hvað er frásögnin?

- ₁ fæðuvenjur dýra
- ₂ hættuleg landsvæði
- ₃ lífshætti dýra

Lestu textabrotið úr **Vængjasláttur í þakrennum**
og svaraðu spurningunum.

Dúfnakofinn okkar var varla risinn upp úr jörðinni þegar Tryggvi bróðir kom hjólandi innan úr djúpum, hverfinu þar sem götunöfnin enda öll á djúp. Í kringum hann glamraði allt og glumdi því á stýri hjólsins héngu tvær ryðgaðar reiðhjólajarðir með teinum í.

Tryggvi var klæddur í rauðköflóttu skyrtuna sína. Hann var allur sótugur í framan og alþakinn hvítum mávafjöðrum yfir axlirnar. Hann hafði verið niðrí fjöru með einhverjum strákum.

Þeir höfðu verið að fikta í kámugum skipaskrúfum slippskipanna og þrætt saman indjánabönd úr fuglafjöðrum þegar Tryggvi fann allt í einu ryðguðu gjarðirnar í fjörunni.

Tryggvi var hljóður.

Hann vildi ekkert segja hvað hann ætlaði að gera við þessar úr sér gengnu reiðhjólajarðir heldur hvarf með þær inn í bílskúr og læsti á eftir sér og hengdi þær upp í snærisspottum áður en hann byrgði bílskúrsgluggann og byrjaði að fínþússa gjarðirnar með sandpappír.

Í marga daga gleymdi hann sér alveg yfir gjörðunum, mataðist varla né svaf og hár hans stóð allt útí loftið. Það var engu líkara en hann ætlaði að verða ellidauður yfir gjörðunum þegar bílskúrshurðin opnaðist einn góðan veðurdag og Tryggvi kom út úr skúrnum með gljáfægt fuglabúr í höndunum; ryðgaðar reiðhjólajarðirnar höfðu tekið stakkaskiptum.

29. Hvað var nýbyggt í upphafi textans?

- ₁ bílskúr
- ₂ hús
- ₃ kofi

30. Hvers vegna glamraði í hjólinu?

- ₁ Göturnar voru holóttar.
- ₂ Hjólið var gamalt.
- ₃ Málmar rákust saman.

31. Hvernig voru skipaskrúfurnar?

- ₁ sjóblautar
- ₂ skítugar
- ₃ sleipar

32. Hvers vegna lokaði Tryggvi að sér?

- ₁ Hann skammaðist sín.
- ₂ Til að fá frið við verkin.
- ₃ Til að fela sig.

**33. „... hann byrgði bílskúrsgluggann ...“
merkir að hann**

- ₁ dró frá glugganum.
- ₂ dró fyrir gluggann.
- ₃ opnaði gluggann.

Þannig skall flóðbylgja fuglabúranna á. Áður höfðu menn aðallega ferðast með eina og eina dúfu milli handanna eða stungið þeim innundir peysur. Á bílskúrsplaninu var Tryggvi umkringdur strákum sem störfu í forundran og horfðu með ljóma í augunum á fuglabúrið hans.

Gömul páfagaukabúr komust í umferð og lítil dúfnahús með kaðalhöldum héldu innreið sína. Brátt sást varla reiðhjól án fuglabúrs og aftan á bögglaberum risu heilu kofarnir.

Viðskiptin tóku kipp. [...]

Alveg þar til Tryggvi eignaðist drifhvíta ísarann hékk handsmíðaða fuglabúrið hans alltaf á ryðguðum járnkrók úti bílskúr yfir nóttina. Með einhverjum dularfullum hætti hefur honum tekist að temja ísarann og getur látið hann ganga eftir vísifingri hægri handar og sitja á höfði sér.

Síðan þá hangir fuglabúrið yfir rúminu hans inní herbergi og þar sefur ísarinn sem á morgnana vekur Tryggva með kurri sínu stundvíslega klukkan átta þegar Tryggvi á að fara í skólann.

Þá fer Tryggvi fram úr og sleppir ísaranum fram af svölunum. Drifhvítur flögrar hann yfir húsunum þar til hann kemur aftur og tyllir sér hjá bygghrúgunni sem Tryggvi hefur í millitíðinni lagt á svalahandriðið.

(Einar Már Guðmundsson, 1983. Vængjasláttur í þakrennum)

34. Hvers vegna höfðu menn stungið dúfum innundir peysur áður fyrr?

- ₁ Til að enginn gæti séð þær.
- ₂ Til að flytja þær milli staða.
- ₃ Til að temja þær.

35. Hvað breyttist með fuglabúrunum?

- ₁ Auðveldara var að flytja dúfurnar.
- ₂ Dúfurnar sluppu ekki frá strákunum.
- ₃ Hægt var að sýna öðrum dúfurnar.

36. Hvers vegna þarf Tryggvi ekki vekjaraklukkunni?

- ₁ Dúfan vekur hann.
- ₂ Mamma hans vekur hann.
- ₃ Skólinn byrjar seint.

37. Í hvaða röð gerast þessir atburðir í sögunni?

A bílskúrshurð opnast
B fuglabúr sett á reiðhjól
C ísarinn sefur inni í herbergi
D reiðhjólagerðir fundnar

- ₁ ABC
- ₂ BCD
- ₃ CAB
- ₄ DBC

38. Kaffinn fjallar um strák sem

- ₁ ferðast á reiðhjóli.
- ₂ smíðar fuglabúr.
- ₃ stundar dúfnaveiðar.

Forsetinn er þögull þegar bílstjórinn hans ekur honum heim á Bessastaði. Hann segir heldur ekki mikið yfir kvöldmatnum og ekki dregst eitt orð upp úr honum þegar hann hjálpar Halldóru ráðskonu með uppvaskið. Að lokum leggur hún frá sér uppþvottaburstann og spyr hann hreint út: „Hvað er að?“

„Ekkert,“ svarar forsetinn snúðugur.

„Jú, það er eitthvað. Annars værirðu ekki svona hnípinn.“ Halldóra tekur upp stórt silfurfat og bregður því upp svo forsetinn geti séð andlitið á sér speglast í því. Hún hefur alveg rétt fyrir sér. Þetta er ekki kátur forseti sem birtist þarna í fatinu.

„Kannski hefði ég átt að verða eitthvað annað en forseti.“

„Eins og hvað?“ spyr Halldóra. Grár lokkur hefur dottið fram á ennið og hún stingur honum á bak við eyrað.

„Mig langar til að vinna á stað þar sem margir aðrir vinna við það sama og ég, eins og á slökkvistöð. Þá get ég rokið út á harðahlaupum með öllum hinum slökkviliðsmönnum til að slökkva elda. Síðan förum við allir í hádegismat og borðum saman pulsar.“

Besta ráðið til að gera upp hug sinn er að fara út að ganga. Oft virðist sem heilanum gangi betur að hugsa ef fætturnir eru á hreyfingu. Hvers vegna þetta er svona vita jafnvel ekki færustu vísindamenn, ekki einu sinni þótt þeir gangi langar leiðir og velti því fyrir sér.

Forsetinn fer í gúmmístígvél og arkar niður í fjöru. Á himninum hafa flákaský raðað sér upp í samfellda dökka skýjabreiðu en forsetinn gefur þeim

39. Hvað sýnir að forsetanum líður ekki vel í upphafi kaflans?

- ₁ Hann rífst við Halldóru.
- ₂ Hann talar lítið.
- ₃ Hann vaskar upp.

40. Til hvers tók Halldóra upp silfurfatið?

- ₁ Til að forsetinn gæti speglað sig.
- ₂ Til að sjá gráa lokkinn betur.
- ₃ Til að stríða forsetanum.

41. Hvers vegna vildi forsetinn skipta um starf?

- ₁ Forsetastarfið er erfitt.
- ₂ Hann vantaði félagsskap.
- ₃ Til að fá að vera í friði.

42. Til hvers fór forsetinn í gönguferð?

- ₁ Til að geta hugsað skýrt.
- ₂ Til að gleyma leiðindunum.
- ₃ Til að losna frá Halldóru.

43. Hvað eiga forsetinn og selirnir sameiginlegt?

- ₁ Þeir eru dapprir.
- ₂ Þeir eru forvitnir.
- ₃ Þeir vilja verða frægir.

44. Forsetanum fannst leiðinlegt hve langt var síðan

- ₁ einhver hafði heimsótt hann.
- ₂ Halldóra hafði notað húlahringinn.
- ₃ hann hafði hitt selina.

lítinn gaum. Í fjarska glampa borgarljósinn í kvöldhúminu. Skammt frá landi synda fáeinir selir sem virða þennan dapra forseta forvitnir fyrir sér og dapri forsetinn horfir álíka forvitinn á þá. Allt í einu rifjast upp fyrir honum hvað hann langaði mikið til að vera sirkusstjóri þegar hann var lítill strákur. Hann hafði séð sirkus í sjónvarpinu þar sem fimir selir stukku í gegnum gjörð. Það ætti nú ekki að vera mikill vandi hér í fjörunni við Bessastaði.

Forsetinn man eftir gömlum húlahring sem Halldóra hafði meðferðis þegar hún flutti fyrst á Bessastaði. Það er langt síðan hún hefur tekið hann til handargagns sem er nokkuð leiðinlegt, eins og hún var nú fær í að húla.

Með hringinn á lofti veður forsetinn út í kaldan sjóinn. Selirnir horfa furðu lostnir á hann með stóru dökku augunum sínum. Hvað vill þessi maður þeim eiginlega? Forsetinn heldur áfram að veifa hringnum og smám saman færa selirnir sig nær.

„Hoppa! Kæru selir, hoppa!“ æpir forsetinn og þá rennur loks upp ljós fyrir einum selnum. Hann syndir rակleitt að forsetanum og á aðeins eftir örfáa metra að hringnum þegar hann hefur sig eins og loftfar upp úr öldunum og stekkur í gegnum hann. Forsetinn ræður sér ekki fyrir kæti. „Vilja ekki fleiri spreyta sig?“ æpir hann. Og jú, aldeilis! Hver á fætur öðrum koma selirnir syndandi og stökkva í gegnum hringinn. Halda mætti að þetta væru allt þekktir sirkusselir. Gleðin hríslast um forsetann eða er það kannski kuldinn? Það getur verið svolítið napurt á kvöldin

niðri við sjó en forsetinn veltir því ekkert fyrir sér. „Þetta eru skemmtilegir vinir,“ hugsar hann með sér. „Ég þarf aldrei að láta mér leiðast aftur. Hverjum er ekki sama þótt þeir borði einir hádegismat eða megi ekki vinna á gröfu þegar þeir geta leikið sér við seli?“

(Gerður Kristný, 2007. Ballið á Bessastöðum)

45. „... þá rennur loks upp ljós fyrir einum selnum“ merkir að selurinn

- ₁ áttar sig.
- ₂ kemur úr kafi.
- ₃ tekst á loft.

46. Hvað var sérstakt við þennan dag í lífi forsetans?

- ₁ Hann gerði eitthvað óvenjulegt.
- ₂ Hann skipti um vinnu.
- ₃ Hann vaskaði upp.

**47. „... vilja ekki fleiri spreyta sig?“
Hvað þýðir undirstrikaða orðið?**

- ₁ reyna
- ₂ stökkva
- ₃ synda

48. Um hvað er textinn?

- ₁ Forseta og ráðskonuna hans.
- ₂ Forseta sem skiptir um starf.
- ₃ Forseta sem verður glaður.

MUNDU EFTIR BAKSÍÐUNNI

Málnotkun

49. Merktu við orðið sem passar í setninguna.

Helgi skoðar sig í ____?

- ₁ spegil
- ₂ spegili
- ₃ spegill
- ₄ spegli

50. Hvað heyrir í lyklunum?

- ₁ gutl
- ₂ hringl
- ₃ hvinur
- ₄ skráf

51. Hvar er rétt raðað í stafrófsröð?

- ₁ brjóta, breyta, brúsi, bráður
- ₂ kría, krota, kráka, kríli
- ₃ skrapa, skonsa, skæri, skæla
- ₄ stakkur, steðji, strákur, strembinn

52. Í hvaða línu er sérnafn?

- ₁ Íþróttakonurnar eru hafnfirskar.
- ₂ Þingvellir eru þjóðgarður.
- ₃ Leikurinn var æsispennandi.
- ₄ Við sáum kvikmynd um birni.

Andheiti

Finndu **andheiti** undirstrikuðu orðanna. Andheiti eru orð sem hafa gagnstæða merkingu (dæmi: ljós – myrkur).

53. Hringurinn er dýrmætur.

Andheiti orðsins dýrmætur er

- ₁ fallegur.
- ₂ rándýr.
- ₃ undarlegur.
- ₄ verðlaus.

54. Kaflinn í sögunni reyndist þungur.

Andheiti orðsins þungur er

- ₁ auðveldur.
- ₂ langur.
- ₃ skemmtilegur.
- ₄ þröngur.

55. Strákurinn er alltaf svangur.

Andheiti orðsins svangur er

- ₁ glaður.
- ₂ hungraður.
- ₃ mettur.
- ₄ þreyttur.

56. Ég fer sjaldan suður.

Andheiti orðsins sjaldan er

- ₁ aldrei.
- ₂ oft.
- ₃ reglulega.
- ₄ stundum.